
„Ókeypis“ er það orð sem heillar Íslendinginn ef til vill mest af öllu. Það var kannski þess vegna sem ég endaði á Listasafni Reykjavíkur einn mánudagseftirmiðdag, en þá daga er einmitt frítt inn á safnið. Fáar sýningar hafa notið víðlíka vinsælda hérlendis og Frost Activity Ólafs Elíassonar, enda hefur listamaðurinn hlotið hinn endanlega gæðastimpil í íslenskum listum: Útlendingum þykir hann góður.

Frosin jörð, frosin borg, athafnir í frosti


Ólafur Elíasson fyrir framan listaverk sitt.

Það var ekki án eftirvæntingar að ég gekk inn í sal merktan A. Þegar inn í salinn var komið fann ég hins vegar enga sýningu. Einungis tóman salinn, og naktar steinsteypusúlur það eina sem dró að sér athygli. Ég gekk aftur út og ætlaði að kvarta. Var kannski ókeypis inn vegna þess að sýningin hafði verið fjarlægð vegna viðhalds? Leit þá í sýningarskrá og sá að þar var salurinn jafn nakinn og raun bar vitni. Kannski átti þetta sem sagt að vera svona? Ég gekk aftur inn í salinn og gerði aðra tilraun til að finna sýninguna. Ég leit upp, og þar var spegill sem gerði það að verkum að salurinn leit út fyrir að vera helmingi hærri til lofts en hann raunverulega var. Ég virti þetta fyrir mér um stund. Það fór ekki á milli mála að salurinn leit út fyrir að vera hár til loftsins. Hafandi komist að því hélt ég upp á aðra hæð.

Hann er þá kannski Dani?

Miklar deilur hafa staðið um þjóðerni Ólafs. Eftir að hafa skoðað A-salinn hallaðist ég helst að því að hann væri Dani. Ef svo er, er gestsaugað þó enn glöggt. Verk sem nefnist Reykjavík myndröð sýnir ljósmyndir af íslenskum húsum sem koma manni öðruvísi fyrir sjónir hengd upp á vegg en þegar maður gengur fram hjá þeim dag eftir dag án þess að virða þau viðlits. Horfandi á þær rifjar maður upp orð skáldsins:

Litlir kassar á lækjarbakka,
litlir kassar dingalingaling.
Litlir kassar, litlir kassar,
litlir kassar allir eins.

Hernámsliðið hafði góðan smekk

Eins og í flestum smábæjum eru það helst kirkjurnar sem standa upp úr. Ein kennd við Hallgrím og hin við Krist sjálfan, þó að í þessu tilviki séu það kaþólikkarnir sem ávarpa almættið beint og ekki fyrir tilstilli dýrlinga eða skálda. Þjóðleikhúsið stendur líka upp úr, grátt og ógnvekjandi eins og kirkjurnar. Næpan stendur upp úr sem eitt sérstæðasta hús bæjarins, rautt og rússneskt-orþódokst að sjá. Enda hafði hernámsliðið góðan smekk fyrir byggingum, lagði undir sig bæði þetta hús og Þjóðleikhúsið, sem hlotnaðiststst þar með sá heiður að fá góða dóma hjá útlendingum. Og í kastala á Laufásvegi, nefndum Galtafell, var Sjálfstæðisflokkurinn með skrifstofur sínar um sinn, flokkur og þjóð vernduð fyrir utankomandi áhrifum. Nú gista þó útlendingar þar í hrönnum, kastalinn orðinn að gistiheimili.

Auðnin í öllum sínum myndum

Og á veggnum á móti má sjá það sem þeir sækjast eftir. Auðnin í öllum sínum myndum. Stundum svört, stundum rauð, stundum mórauð, einstaka sinnum mosagróin og græn. Jafn einhæf frá náttúrunnar hendi og byggingarlistin er frá hendi íbúanna. En meðan Íslendingar fljúga í hrönnum á yfirfullar sólarstrendur fyrir sunnan kemur hingað bakpokafólk frá meginlandinu til að kynnast því hvernig það er að vera ekki alltaf umkringdur fólki. Í síðasta herberginu er svo eitthvað sem heitir Sjóndeildarhringur athafna þinna. Er það bein blá lína sem fer hringinn í dimmu herbergi. Á þetta að tákna það að athafnir manns geti komið manni hvert sem er, jafnvel til endimarka sjóndeildarhringsins? Eða verður hann alltaf jafn fjarlægur, sama hvað maður reynir? Hafandi skoðað íslenskt landslag og byggingarlist hallaðist ég frekar að því síðarnefnda.

Víkingar listheimsins

Á efri hæðinni dvelur Erró enn með sýninguna Stríð. Flestar eru myndirnar frá 8. áratugnum en eiga því miður enn við, enda ný stríð hafin og sumum gömlum ekki enn lokið. Sýningin sýnir að Erró var hugrakkur listamaður, sem skoraðist ekki undan að gagnrýna hernaðarhyggju Ísraela löngu áður en slíkt varð viðtekið viðhorf, sem og Bandaríkin að bombardera Írak með neyslumenningu árið 1991, átök sem hafa heldur ekki verið leidd til lykta.

Erró er gjarnan talinn mestur íslenskra listamanna, en nam í Noregi og hefur búið mestan sinn feril í Frakklandi, og ætti að mörgu leyti frekar að teljast til franskrar myndlistarsögu en íslenskrar. Deilt er um þjóðerni Ólafs, sem fæddist í Danmörku af íslensku foreldri, býr og starfar í Berlín og selur verk sín til London, Paris og New York. Sams konar þjóðernisdeila stendur einnig um Leif heppna milli Norðmanna og Íslendinga, og jafnvel Grænlendingar farnir að blanda sér í slaginn, enda fluttist Leifur þangað barn að aldri og bjó þar lengst framan af. En auðvitað er sú deila marklaus, þar sem víkingarnir könnuðust ekki við neitt þjóðerni. Og ef til vill er það sama hægt að segja um víkinga listheimsins, sem stundum leggja undir sig nýja heima, villast stundum af leið, en þeirra sem halda ótrauðir áfram mun ef til vill verða minnst um ókomin ár.

valur@dv.is

Stjörnulaus Beyonce var nærri búin að toppa Janet Jackson þegar hún söng í hálfleik Stjörnuleiks NBA

Brjóstin fóru á flug en héldust inni

Þokkakvendið Beyonce Knowles sá um að skemmta gestum í hálfleik á hinum árlega NBA-stjörnuleik í körfubolta sem fram fór aðfaranótt mánudags að íslenskum tíma. Það er svo sem ekki merkilegt nema fyrir þær sakir að stúlkan var ekki fjarri því að toppa atriði stallsystur sinnar, Janet Jackson, frá því á Superbowl-leiknum um daginn. Hama- gangurinn í Beyonce var svo mikill þegar hún flutti lögin Crazy In Love og Love To Love You, Baby að brjóstin á henni voru nærri því að skjótast undan efnislitlum klæðum hennar. Ekki sást þó glitta í neinar stjörnur líkt og þær sem Janet notaði en áhorfendum var engu að síður skemmt.







Hættuspil *Ekki sást glitta í neinar stjörnur líkt og þær sem Janet notaði en áhorfendum var engu að síður skemmt.*